

Kaldrananeshreppur
Þórður Már Sigfússon
Holtagötu
520 Drangsnæs

Reykjavík, 25. maí 2021
UST202104-371/A.B.
10.04.00

Efni: Breyting á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 - 2030 og nýtt deiliskipulag - Hvammur í Bjarnarfirði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kaldrananeshrepps er barst 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 - 2030 og á nýju deiliskipulagi fyrir Hvammur í Bjarnarfirði.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina frístundabyggð og ferðapjónustu á svæði sem er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarland.

Auk þess kemur fram að deiliskipulagið gerir ráð fyrir fimm frístundahúsalóðum, einni stórrí lóð fyrir ferðapjónustu þar sem gert er ráð fyrir sex húsum og einni íbúðarhúsalóð.

Umhverfismat.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar er fjallað um umhverfi og náttúru svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé einnig um náttúru svæðisins í greinargerð deiliskipulagsins. Umhverfisstofnun vill því vekja athygli á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>) sem hægt væri að nýtast við þá vinnu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að metin sé áhrif tillögunnar á umhverfið, en í 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Að mati Umhverfisstofnunar getur tillagan haft áhrif á vistkerfi og ásýnd svæðisins.

Auk þess segir í reglugerðinni að gera skal grein fyrir matinu og niðurstöðu þess í greinargerð deiliskipulagsins. Jafnframt skal því lýst hvernig skipulagið samræmist markmiðum skipulagsreglugerðar, sbr. 1.1. gr. og markmiðum deiliskipulags, sbr. 5.1.1. gr. Ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, s.s. frá frístundasvæðum, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er, hreinsivirki sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur